

ÝMSAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI LEGHÁLSSKIMANIR

Boðsbréf

Konur þurfa að hafa fengið boðsbréf til að panta tíma. Það er algengur misskilningur að konur segjast hafa fengið boð í skimun á Heilsuveru. Boð í skimun berast ekki í gegnum Heilsuveru en það kemur upp valmöguleiki þar um að panta tíma í skimun. Einhverjar konur taka því sem boði þó svo tekið sé fram í texta að þetta sé fyrir þær konur sem hafa fengið boðsbréf.

Konur yngri en 23 ára

Ekki ætti að bóka skimun fyrir konur yngri en 23 ára eða konur sem hafa ekki hafa fengið boðsbréf í skimun. Ef konur eru með einkenni eða hafa áhyggjur skal vísa þeim til læknis (heimilis- eða kvensjúkdómalæknis).

Konur 65 ára og eldri

Ekki ætti að bóka sýnatöku fyrir konur 65 ára eða eldri nema þær hafi fengið boðsbréf vegna eftirlits. Ef þær sækja stíft að fá sýnatöku þá á að vísa þeim á að fá tíma hjá lækni (heimilis- eða kvensjúkdómalækni) og hann metur hvort ástæða sé að taka sýni.

Konur af öðrum heilsugæslustöðvum

Konur sem hafa samband við aðra heilsugæslu en sína eigin eiga rétt á að panta tíma í leghálsskimun. Það er í lagi að spyrja hvort þær geri sér grein fyrir að þær eru ekki að panta tíma á þeirra eigin heilsugæslu en óheimilt er að vísa þeim frá.

Skimunarsaga á Heilsuveru

Inni á „mínar síður“ á heilsuvera.is er flipinn „sjúkraskrá“, þar sem fólk getur flett upp sinni skimunarsögu. Þar má finna upplýsingar um hvenær konur hafa fengið boðsbréf og hvenær þær hafa mætt í leghálssýnatöku annars vegar og brjóstamyndatöku hins vegar. Niðurstöður sjást ekki þarna.

Kona með einkenni

Ef kona hefur fengið boðsbréf en er með einkenni þá skal vísa henni til læknis. Ljós móðir ætti ekki að taka einkennasýni. Ástæðan tengist eftirfylgni, lækni þarf að fylgja eftir niðurstöðum með tilliti til einkenna. Ráðstöfun um næstu sýnatöku kemur frá SKS tengt niðurstöðum úr greiningu sýnis en einkenni gætu þurft frekari skoðunar eða rannsóknar við eða kalla á meðferð. Það er læknis að fylgja því eftir.

Niðurstöður berast á Ísland.is

Boðsbréf og niðurstöður eru sendar á island.is, ekki í gegnum Heilsuveru. Það er verið að vinna að því að þetta fari allt inná Heilsuveru en það er ekki komið ennþá.

Ósk um að vera tekin af boðslista

Ef kona biður um að vera tekin af boðslista fyrir legháls-og/eða brjóstaskimanir, þá skal leiðbeina henni um að vera í sambandi við SKS í síma.

UPPLÝSINGAR VARÐANDI BRJÓSTASKIMANIR

Einkenni frá brjóstum

Ef kona finnur hnút eða önnur einkenni frá brjóstum þarf hún að fá tíma hjá heimilislækni sem þarf að senda tilvísun á Brjóstamiðstöð Landspítala. Eftir að heimilislæknir sendir tilvísun hefur Brjóstamiðstöð samband við konu og gefur henni tíma í skoðun og/eða myndatöku vegna einkenna.

SKS getur ekki bókað konur með einkenni í skoðun eða myndatöku.